

# Fundargerð 378. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2015, föstudaginn 23. október kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Guðný Sverrisdóttir, Ólafur Þór Snorrason og Björn Arnaldsson og í símasambandi voru Steinþór Pétursson, Guðmundur M Kristjánsson, Sigrún Árnadóttir.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Stjórnarfundir Hafnasambands Íslands 2015 - 1501031HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 377. fundar frá 21. september sl.

*Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.*

### 2. Framlög til hafnarframkvæmda í fjárlögum 2016 - 1510150HA

Lagt fram minnisblað sem Valur Rafn tók saman um framlög til hafnarframkvæmda í fjárlögum ársins 2016.

*Í frumvarpi til fjárlaga 2016 er gert ráð fyrir 212 m.kr. í hafnabótasjóð. Í tillögu að Samgönguáætlun sem lögð var fyrir síðasta Alþingi var gert ráð fyrir 535 m.kr. í Hafnabótasjóð.*

*Stjórn Hafnasambands Íslands skorar á Alþingi að tryggja að sú tillaga sem er í Samgönguáætlun um framlag í Hafnabótasjóð að fjárhæð 535 m.kr. verði að lágmarki sú fjárhæð sem verði á fjárlögum 2016 í sama lið.*

*Eins og þingmönnum ætti að verða orðið ljóst þá er kominn tími á miklar framkvæmdir í höfnum landsins sem er nauðsynlegt að fara í til að tryggja þessa mikilvægu innviði.*

### 3. Farþegagiöld vegna hvalaskoðunar - 1510002HA

Lagt fram afrit af bréfi, dags. 12. október 2015, sem Hvalaskoðun Reykjavíkur sendi Grindavíkurbæ vegna farþegagjalda.

*Til kynningar.*

### 4. Kynning á starfsemi hafna - 1509035HA

Lögð fyrir að nýju tillaga frá hafnasambandsþingi 2014 um kynningu á starfsemi hafna.

*Starfsmanni falið að senda höfnunum erindi og óska eftir upplýsingum um það sem hafnirnar eru að gera og tengist kynningu á starfsemi hafnanna.*

**6. Erlend samskipti hafnasambandsins 2015 - 1510004HA**

Rætt um hugsanlega aðkomu Hafnasambands Íslands að Evrópusamstarfi.

*Formaður gerði grein fyrir samstarfi sem Faxaflóahafnir hafa átt við ESPO (European Sea Ports Organization) og hugsanlega aðkomu hafnasambandsins að þeim samtökum.*

**7. Hafnasambandsþing 2016 - 1509037HA**

Rætt um dagskrá hafnasambandsþings.

*Steinþóri formanni fræðslunefndar falið að ræða þær hugmyndir sem fram komu á fundinum á næsta fræðslunefndarfund.*

**5. Hafnarreglugerðir - 1510003HA**

Formaður gerði grein fyrir umræðu sem hefur átt sér stað innan ráðuneytisins um hafnarreglugerðir sem hafnirnar hafa sett sér.

*Til kynningar.*

Fundi var slitið kl. 12:30

---

Gísli Gíslason

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Steinþór Pétursson

---

Guðmundur M Kristjánsson

---

Ólafur Þór Snorrason

---

Björn Arnaldsson

---

Sigrún Árnadóttir

---

Valur Rafn Halldórsson